

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

### RAFORKUGJÖLD.

#### A. Almennir taxtar.

A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:		
Orkugjald .....	4,65	kr/kWh
Fast gjald .....	1 600,00	kr/ár
A. 2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:		
Orkugjald .....	6,05	kr/kWh
Fast gjald .....	3 750,00	kr/ár

#### B. Aftaxtar.

B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:		
Orkugjald .....	1,68	kr/kWh
Aflgjald .....	6 300,00	kr/kW ár
Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarks afl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.		
Orkugjald miðast við að meðalfasvixsstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasvixsstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasvixsstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.		
B. 2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald .....	7 400,00	kr/kW ár
Viðhaldsgjald .....	12 600,00	kr/kW ár
Gjald samtals .....	20 000,00	kr/kW ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.		

#### C. Hitun.

C. 1 Órofin húshitun .....	3,72	kr/kWh
C. 2 Daghitun, húshitun rofin .....	1,58	kr/kWh
C. 3 Næturrhitun, húshitun .....	0,85	kr/kWh
Fast gjald á C. 1 .....	5 100,00	kr/pr. ár
Fast gjald á C. 2 og C. 3 .....	4 800,00	kr/pr. ár

#### D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D. 1 Af einfasa mælum .....	340,00	kr/pr. ár
D. 2 Af þrífasa mælum upp að 50A .....	1 360,00	kr/pr. ár
D. 3 Af þrífasa mælum 50A og ofar .....	2 040,00	kr/pr. ár
D. 4 Af álagsstýringarliðum .....	2 040,00	kr/pr. ár
D. 5 Af aflmælum .....	3 400,00	kr/pr. ár

Mælaleiga reiknast ekki af A. 1, A. 2, C. 1, C. 2 og C. 3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

### E. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

### Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:	Heimtaugargjöld
63A 1-fasa .....	kr. 27 500,00
63A 3-fasa .....	kr. 30 000,00
100A 3-fasa .....	kr. 48 000,00
200A 3-fasa .....	kr. 94 000,00
300A 3-fasa .....	kr. 140 000,00
400A 3-fasa .....	kr. 186 000,00
600A 3-fasa .....	kr. 282 000,00
900A 3-fasa .....	kr. 425 000,00
1200A 3-fasa .....	kr. 565 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:	
63A 1-fasa .....	kr. 6 700,00
63A 3-fasa .....	kr. 7 500,00
100A 3-fasa .....	kr. 10 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

### Ýmis ákvæði.

#### 1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 1 600,00.

## 2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 1 500,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

## 3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

## 4. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í c-liðum, húshitun og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

## 5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárlíða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 354, 28. júlí 1987.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1987.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Elsabet Sigurðardóttir.

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hitaveitu Hafnarhrepps.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli ..... kr. 1,55  
fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli ..... kr. 20,45  
fyrir hvern rúmmetra vatns.